

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um lífeyrisréttindi í séreign.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margir launamenn afla sér lífeyrisréttinda í séreign með mótframlagi atvinnurekanda, sbr. heimild í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða?
2. Hve mikill er þessi séreignarsparnaður orðinn nú?
3. Hvaða sjóðir taka við slíkum séreignarsparnaði og hve mikið er varðveitt í hverjum sjóði?
4. Hver er ávöxtun séreignarsparnaðar í þessum sjóðum?
5. Hve mikið af þeim lífeyrisréttindum í séreign sem launþegi hefur samið um við atvinnurekanda hefur glatast frá gildistöku laganna vegna gjaldþrota atvinnurekenda?

Skriflegt svar óskast.